

**Hemlunarviðnám, skilgreiningar og aðgerðir. Hallvarður Vignisson,  
Hnit - apríl 2019.**

Vegagerðin hefur á síðustu árum sett inn kröfur um lágmarks hemlunarviðnám í útboðsgögn. Kröfurnar eru einfaldar og ekki tekið fram hvað verktaki skuli gera ef kröfur eru ekki uppfylltar. Í verkefninu var skoðað hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum.

Í skýrslunni er fyrst almennt gerð grein fyrir skilgreiningu og mælingum á hemlunarviðnámi. Þá er greint frá aðgerðum sem geta bætt úr lágu hemlunarviðnámi og mismunandi sérhæfðum tækjabúnaði lýst. Skýrsluhöfundur telur hins vegar ekki vera grundvöll hér á landi til að nota slík tæki, meðan vandamálið er ekki stærra en það er í dag.

Gerð er grein fyrir kröfum á nokkrum af Norðurlöndunum auk Bandaríkjana og Nýja Sjálands. Kröfurnar í Nýja Sjálandi eru einna ítarlegastar og mun ítarlegri en á Norðurlöndunum. Hugsanleg skýring á því er talin vera notkun nagladekkja, sem hafa áhrif til þess að viðhalda hemlunarviðnámi (steinefni í yfirborði slitlaga fægist ekki). Fram kemur að kröfur eru mismunandi milli landa og m.a. eru kröfur á Norðurlöndunum ekki samræmdar. Einnig er bent á að ekki hafi tekist að gera alþjóðlega staðla fyrir hemlunarviðnámsmælingar, þrátt fyrir að unnið hafi verið að því í langan tíma.

Niðurstaða verkefnisins er að skýrsluhöfundur leggur til að núverandi hérlendum kröfum verði ekki breytt. Hins vegar mætti taka upp svipaða kröfur og eru í sænskum/dönskum verklýsingum um að verktaki skuli setja upp hálkuskilti á vegarköflum sem ekki uppfylla kröfur um hemlunarviðnám. Þá er bent á að skerpa ætti á því í verklýsingum að verkkaupi taki ekki við kafla sem uppfyllir ekki kröfur og verktaki beri allan kostnað við lagfæringar.